

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar, í Þingvallasveit.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. ágúst 2017 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar, Þingvallasveit 2004-2016, sem samþykkt var í byggðarráði 28. júlí 2017.

Með breytingunni er felld niður ákvæði um að ekki megi gefa út byggingarleyfi á núverandi frístundabyggðarsvæðum í Þingvallasveit nema á grundvelli deiliskipulags.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. ágúst 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2017